

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins vegna nýrra aðildarríkja.

Gerðar voru breytingar á 26. gr. stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 vegna aðildar Mónakó að ráðinu 5. október 2004, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950 þar sem stofnskráin er birt. Ákveðið var að Mónakó skyldi öðlast rétt á 2 fulltrúum á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. október 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

The amended text of Article 26 is worded as follows:

„Aðildarríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

“Members shall be entitled to the number of representatives given below:

Albanía	4
Andorra	2
Armenía.....	4
Austurríki	6
Aserbaídsjan	6
Belgía	7
Bosnía og Hersegóvína	5
Búlgaríá	6
Króatía.....	5
Kýpur	3
Tékkland.....	7
Danmörk.....	5
Eistland.....	3
Finnland.....	5
Frakkland.....	18
Georgía.....	5
Þýskaland	18
Grikkland.....	7
Ungverjaland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Lettland.....	3
Liechtenstein	2
Litháen.....	4
Lúxemborg	3
Malta.....	3
Moldóva	5
Mónakó	2
Holland	7

Albania	4
Andorra	2
Armenia.....	4
Austria	6
Azerbaijan	6
Belgium	7
Bosnia and Herzegovina	5
Bulgaria	6
Croatia	5
Cyprus	3
Czech Republic	7
Denmark	5
Estonia.....	3
Finland.....	5
France	18
Georgia	5
Germany	18
Greece.....	7
Hungary	7
Iceland	3
Ireland.....	4
Italy	18
Latvia	3
Liechtenstein	2
Lithuania.....	4
Luxembourg	3
Malta.....	3
Moldova	5
Monaco	2
Netherlands.....	7

Noregur.....	5	Norway	5
Pólland.....	12	Poland	12
Portúgal	7	Portugal	7
Rúmenía	10	Romania	10
Rússland	18	Russia	18
San Maríno	2	San Marino	2
Serbía og Svartfjallaland.....	7	Serbia and Montenegro.....	7
Slóvakía.....	5	Slovak Republic	5
Slóvenía.....	3	Slovenia.....	3
Spánn.....	12	Spain.....	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland.....	6
Makedónía	3	“the former Yugoslav Republic of Macedonia”	3
Tyrkland	12	Turkey	12
Úkraína	12	Ukraine	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra- Bretlands og Norður-Írlands	18“	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18”

AUGLÝSING

um samning um vernd mannréttinda og mannglegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði: samning um mannréttindi og líflæknisfræði, viðbótarbókun um bann við einræktun manna og viðbótarbókun varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum.

Hinn 12. október 2004 voru aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjöl Íslands vegna samnings um vernd mannréttinda og mannglegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði: samnings um mannréttindi og líflæknisfræði sem gerður var í Oviedó 4. apríl 1997; viðbótarbókunar við samninginn um vernd mannréttinda og mannglegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði, um bann við einræktun manna, sem gerð var í París 12. janúar 1998; og viðbótarbókunar við samninginn um mannréttindi og líflæknisfræði varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum sem gerð var í Strassborg 24. janúar 2002.

Samningurinn og viðbótarbókunin um bann við einræktun manna öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2005. Tilkynnt verður um gildistöku viðbótarbókunarinnar varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari, viðbótarbókunin um bann við einræktun manna sem fylgiskjal 2 og viðbótarbókunin varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum sem fylgiskjal 3.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. október 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.